

## Svar

**mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn  
frá Svandísi Svavarsdóttur um einkavæðingu  
þeirra skóla sem nú tilheyra Tækni-skólanum.**

1. *Hvað hefur Tækni-skólinn, eða núverandi og fyrri eigendur hans, greitt íslenska ríkinu fyrir þá skóla sem íslenska ríkið hefur einkavætt og síðan hafa myndað Tækni-skólan, áður Fjöltækni-skólan?*

Engar greiðslur hafa átt sér stað frá Tækni-skólanum fyrir skólana, enda er ríkið eigandi og verður eigandi allra þeirra eigna sem Tækni-skólinn hefur tekið við ásamt þeim tækjum og tólum sem bætast við á rekstrartíma Tækni-skólans. Við endanleg lok þjónustusamningsins tekur ríkið við skólunum með öllum eignum sem verða fyrir hendi, hafa verið endurnýjaðar og eða verið aflað af Tækni-skólanum, sbr. ákvæði þar um í samningi aðila.

2. *Hvert var virði þeirra eigna, íslenskum krónum að núvirði, sem runnið hafa til Tækni-skólans, eða núverandi og fyrri eigenda hans, frá íslenska ríkinu við einkavæðingu á þeim skólum sem nú mynda Tækni-skólan, áður Fjöltækni-skólan? Hverjar voru þessar eignir?*

Engar eignir runnu inn í Tækni-skólanum við gerð þjónustusamningsins og þeirra viðauka sem gerðir hafa verið við hann um rekstur skólanna sem nú mynda Tækni-skólan. Ríkissjóður er eigandi eignanna og Tækni-skólinn rekstraraðili. Tækni-skólinn greiðir leigu fyrir húsnæði skólanna sem er í eigu ríkisins og/eða annarra með sama hætti og aðrir framhaldsskólar.

3. *Hefur íslenska ríkið fengið eignarhlut í Tækni-skólanum, eða áður Fjöltækni-skólanum, að lokinni einkavæðingu á þeim skólum sem nú mynda Tækni-skólan, áður Fjöltækni-skólan?*

Nei, íslenska ríkið hefur ekki fengið eignarhlut í Tækni-skólanum/Fjöltækni-skólanum, enda hafa umræddir opinberir framhaldsskólar ekki verið „einkavæddir“, sbr. svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.